

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri 2021

Aðalfundur Góðvina var haldinn rafrænn á Teams fimmtudaginn 18.11.2021 kl. 16:15.

Fundargestir: Katrín Árnadóttir, Einar Brynjólfsson (formaður), Kristjana Hákonardóttir, Kristín Sigurðardóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Steinunn Alda Gunnarsdóttir, Bjarki Freyr Brynjólfsson, Magnína G. Kristjánsdóttir og Nökkvi Alexander Rounak Jónsson.

Fundur formlega settur klukkan 16:21.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Einar Brynjólfsson, formaður Góðvina

Fundarritari: Kristjana Hákonardóttir

2. Skýrsla stjórnar

Katrín Árnadóttir, starfsmaður Góðvina, fór yfir skýrslu stjórnar Góðvina fyrir starfsárið 2020.

a. Fjöldi Góðvina

126 eru skráðir í einstaklingsaðild félagsins (nóvember 2021). Alls greiddu 35 félagsgjöld árið 2020. Fara þarf í átak til að hvetja fleiri til að skrá sig í félagið og borga félagsgjöld.

Engin fyrirtækjaaðild árið 2020.

b. Veittir styrkir

Engin styrkur var veittur.

c. Heiðursverðlaun við brautskráningu

Að venju veittu Góðvinir heiðursverðlaun á brautskráningarhátíð. Fimm aðilar voru heiðraðir og verðlaunaðir með gullnælu Góðvina. Í fyrsta skipti var afhent viðurkenningarskjal með gullnælunni.

d. Fréttabréf

Fréttabréf sent út rafrænt 17.11.2021. Það á að kynna enn frekar á næstu dögum.

e. Sala Góðvinanælu

Hafin er sala barmmerkis Góðvina í vefverslun HA – 4.900 kr.

3. Kosning í stjórn

Einar Brynjólfsson hættir sem formaður Góðvina.

Steinunn Alda Gunnarsdóttir lætur af störfum sem fulltrúi SHA í stjórn og við tekur Nökkvi Alexander Rounak Jónsson. Varamaður verður Agnes Ögmundsdóttir.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir hættir í stjórn og við tekur Bjarki Freyr Brynjólfsson.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir gaf ein kost á sér sem formaður Góðvina og var sjálfkjörin.

6. Reikningar

Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri Góðvina, fór yfir ársreikning félagsins og útskýrði hann. Engar athugasemdir.

Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og hann samþykktur einróma.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Hólmfríður Lilja Birgisdóttir og Harpa Halldórsdóttir halda áfram sem skoðunarmenn reikninga.

8. Árgjald

Staðfest að það haldist áfram óbreytt.

9. Önnur mál

- a. Einar þakkaði fyrir góða samvinnu og hvatti nýja stjórn til góðra verka.
- b. Stofnsetning stofnfjár sjóðs og millifærsla gjafar Góðvina þar inn
 - Einar fór yfir tilurð stofnfjár sjóðsins og kynnti skipulagsskrá sjóðsins.
 - Sjóðurinn er ekki formlega stofnsettur, ef Góðvinir ætla að ýta honum úr vör þar að huga að stofnfé sjóðsins sem á að vera 1.285.000 kr.

Ekki var fleira gert og fundi formlega slitið slitið kl. 16:44